



Foreldraráð Badmintonfélags Hafnarfjarðar

Foreldraráð skal vera í hverri deild. Hlutverk foreldraráðs er að að styðja við barnastarf félagsins með því að aðstoða við skipulagningu ferðalaga og annarra viðburða ef þörf er á. Einnig getur stjórn ráðfært sig við foreldraráð varðandi ýmis mál eins og t.d. gerð æfingataflna o.fl. til að fá sem flest sjónarhorn að borðinu. Þá geta aðrir foreldrar einnig leitað til ráðsins ef þeir af einhverjum ástæðum vilja ekki bera upp erindi við stjórn eða framkvæmdastjóra. Foreldraráð skal skipað 3 eða 5 fulltrúum og skal amk einn þeirra koma úr stjórn viðkomandi deildar.